

RNSA



Rannsóknarnefnd samgönguslysa

YFIRLIT ÁRSINS 2021

SJÓATVIK

YFIRLIT ÁRSINS 2021



SJÓATVIK

Hús FBSR Flugvallarvegi 7 - 101 Reykjavík
Sími: 511 6500 - Fax: 511-6501 - netfang: RNSA@RNSA.is

Icelandic Transportation Safety Board (ITSB)

www.rnsa.is

Þann 21. febrúar 2013 voru samþykkt lög nr. 18/2013 á Alþingi, um rannsókn samgönguslysa og tóku lögin gildi 1. júní sama ár.. Með lögnum voru Rannsóknarnefnd flugslysa, Rannsóknarnefnd sjóslysa og Rannsóknarnefnd umferðarslysa sameinuð í eina sjö manna rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) sem heyrir undir samgönguráðherra. . Auk sjö aðalmanna eru sex varamenn í nefndinni og tveir starfsmenn eru í fullu starfi hjá RNSA (sjóslys).

Markmið laganna er að fækka slysum og auka öryggi í samgöngum með því að efla og bæta slysarannsóknir. Rannsóknir samkvæmt lögnum skulu eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa, sbr. 1. gr. laganna.

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| NEFNDARMENN OG STARFSMENN | 4 |
| YFIRLIT ÁRSINS 2021..... | 5 |
| Skráð atvik 2011 - 2021 | 5 |
| VETTANGUR/SVÆÐI ATVIKA 2021 | 7 |
| BANASLYS | 7 |
| SLYS Á FÓLKI | 8 |
| Aðgerð skips við slys á fólki | 8 |
| Tegund slysa á fólki | 9 |
| Meðalaldur slasaðra | 9 |
| Skráð slys á sjófarendum eftir svæðum | 9 |
| Stöðugildi slasaðra..... | 10 |
| SKIP – TEGUND ATVIKA | 10 |
| Skip sökkva | 11 |
| Skip stranda / taka niðri | 11 |
| Árekstur skipa / ásiglingar | 11 |
| Eldur um borð..... | 11 |
| Leki | 11 |
| Skip vélarvana..... | 11 |
| Gátlisti fyrir minni fiskiskip | 11 |
| Tillögur í öryggisátt..... | 12 |
| Sérstakar ábendingar | 12 |
| Tilkynnt slys á sjómönnum til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) 2021 | 15 |
| AÐILAR SEM TILKYNNA ATVIK TIL RNSA 2011 – 2021 | 16 |
| Erlent starf..... | 17 |
| The European Maritime Safety Agency (EMSA)..... | 17 |
| PCF11 fundur EMSA..... | 17 |
| MAIIF – Alþjóðasamtök | 17 |
| EMAIF - Evrópusamtök..... | 17 |
| The European Marine Casualty Information Platform (EMCIP) | 17 |
| Skráning Íslands í EMCIP..... | 17 |
| SKRÁÐ ATVIK HJÁ RNSA ÁRIÐ 2021..... | 18 |

NEFNDARMENN OG STARFSMENN

Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) er skipuð af samgönguráðherra.

Nefndar- og varamenn hjá RNSA-sjóatvik voru á árinu 2021: Fv. Geirþrúður Alfreðsdóttir formaður, Ingi Tryggvason varaformaður, Hilmar Snorrason, Pálmi K. Jónsson og Hjörtur Emilsson.



Einnig var notuð þekking annarra starfs- og nefndarmanna innan raða RNSA varðandi ýmis sérfræðiálit við afgreiðslu mála á árinu.

Tveir starfsmenn voru í fullu starfi hjá RNSA sjóatvik á árinu, Jón Á. Ingólfsson rannsóknarstjóri og Einar Ingi Einarsson rannsakandi.

Jón Á. Ingólfsson lét af störfum í lok ársins eftir 20 ára starfsferil hjá RNS og síðan RNSA.



RNSA Flugvallarvegi 7, 102 Reykjavík
Sími: 511 6500 - Fax: 511-6501 - Netfang: RNSA@RNSA.is
Vefsíða: RNSA.is

YFIRLIT ÁRSINS 2021

Skráð atvik hjá RNSA-sjóatvik voru samtals 83 á árinu en voru 93 árið 2020 og 106 árið 2019. Nýjar áherslur frá árinu 2019 á skráningum til sérstakra rannsókna á vélarvana skipum og slysum á fólki skýrir að mestu þessa þróun á milli ára.

Á árinu voru samtals sex nefndarfundir haldnir og voru tveir þeirra haldnir með fjarfundarbúnaði.


Alls voru afgreiddar hjá sjósviði 95 lokaskýrslur á árinu. Lokaskýrslur með nefndaráliti voru 46 og 49 skýrslur voru lokaafgreiddar án sérstaks nefndarálits en nokkrar með sérstökum ábendingum.

Nefndin gerði eina tillögu í öryggisátt og átta sérstakar ábendingar í jafnmörgum málum sem afgreidd voru. (Sjá samantekt á bls. 12 og 13)

Í árslok átti nefndin eftir að taka fyrir 28 af málum ársins og fimm mál voru ekki lokaafgreidd en voru hjá aðilum þeirra sem drög til umsagnar.

Skráð atvik 2011 - 2021


Á töflunni (Mynd 1) má sjá grófa flokkun á eðli mála ársins í samanburði við 10 ár á undan þ.e.a.s. frá 2011 til 2020 og meðaltal skráðra málaflokka þess tímabils. (Málaskrá fyrir 2021 er í heild sinni á bls. 18 – 20)



Mynd 1 Tafla með grófri flokkun á skráðum atvikum.

Eins og fram kemur í töflunni á mynd 1 þá fækkar skráðum atvikum hjá RNSA á milli árunna 2020-2021 um 11% og er um 35% undir meðaltali árunna 2011 – 2021. Allir málaflokkar eru undir meðaltali árunna á undan. Eins og fram kemur þá fjölga skráðum atvikum á „Skip dregin til hafnar“ talsvert miðað við árið á undan en er vel undir umræddu meðaltali. En eins og fram kom í ársyfirlitum fyrir 2019 og 2020 merkir það ekki að um sé að ræða fækkun á þessum atvikum en breyttar áherslur eru nú hjá RNSA við að velja mál til rannsóknar.

Mynd 2 sýnir tölulegar breytingar á skráðum atvikum hjá RNSA milli ára 2020 og 2021.




Mynd 2 Breytingar á milli ára 2020 - 2021



VETTVANGUR/SVÆÐI ATVIKA 2021

Flest skráð atvik hjá RNSA eru á NV svæði eða 35, en það svæði nær frá frá Snæfellsnesi að Siglufirði og næst flest voru á SV svæði eða 26, sem er svæðið frá Dyrhólaey að Snæfellsnesi. Á kortinu (*Mynd 3*) sést hlutfallsleg skipting á milli svæða en á NA svæði voru 15 atvik skráð og á SA svæði voru þau fimm.

Á erlendu hafsvæði voru tvö atvik skráð, annað var slys á fólki og hitt tjónlaust strand flutningaskips.




Mynd 3 Svæðaskipting skráðra atvika 2021

BANASLYS

Engin banaslys urðu á íslenskum sjómönnum við strendur landsins á árinu 2021 sem er áttunda árið og fimmta árið í röð. Önnur ár þar sem engin banaslys urðu á sjómönnum við landið eru 2008, 2011, 2014, 2017, 2018, 2019 og 2020.

SLYS Á FÓLKI


Skráð slys hjá RNSA á fólki til rannsókna á árinu 2021 voru 42 atvik en voru 58 á árinu 2020 og 57 á árinu 2019. Í eftirfarandi línurit (Mynd 4) má sjá grófa skiptingu á slysum á fólki eftir skipategundum.



Mynd 4 Skráð slys á fólki eftir tegundum skipa

Aðgerð skips við slys á fólki


Á súluritinu (Mynd 5) hér að neðan sést við hvaða aðstæður skráð slys á fólki urðu.



Mynd 5 Aðgerðir skipa við slys á fólki

Tegund slysa á fólki

Samkvæmt grófri samantekt voru algengustu slysin fallslys ýmiskonar eða 13 talsins. Önnur algeng slys voru m.a. slys við vindur, verða á milli og klemmast ásamt ytri áverkum s.s. skurðum og stungum. Á mynd 6 er gróf flokkun á þeim slysum sem skráð voru á árinu.




Mynd 6 Flokkun skráðra slysa á fólki

Meðalaldur slasaðra

Meðalaldur slasaðra á árinu var 42 ár en var 43 ár árið 2020. Yngsti slasaði á árinu 2021 var 22 ára háseti á ferskfisktogara. Elsti slasaði var 73 ára farþegi á ferju og elsti sjómaðurinn var 68 ára yfirvélstjóri á línuveiðiskipi.

Skráð slys á sjófarendum eftir svæðum


Á mynd 7 er hlutfallsleg skipting skráðra slysa á sjófarendum en þau voru 17 á SV hluta landsins, 12 á NV hluta, 10 á NA hluta og tvö á SA hlutanum. Eitt slys var skráð hjá RNSA á erlendu hafsvæði.



Mynd 7 Skráð slys á fólki eftir svæðum

Stöðugildi slasaðra

Eins og áður eru undirmenn á skipum í miklum meirihluta þeirra sem slasast í skráðum slysum á fólki eða 64%. Flest slysin eru hjá hásetum 57% (24) og yfirvélstjórum 14% (6) eins og sjá má á mynd 8. *Leiðbeinandi var aðili frá björgunarsveit um borð í björgunarbát en hann klemmdist á milli báta.*



Mynd 8 Slys á sjófarendum eftir stöðu þeirra um borð

SKIP – TEGUND ATVIKA

Á töflunni á mynd 9 má sjá skiptingu skráðra atvika á tegundir skipa.

| | Ásigling | Bilun í búnaði | Eldur | Leki | Sekkur/hvolfir | Strand | Vélarvana | Annað |
|--------------------|----------|----------------|-------|------|----------------|--------|-----------|-------|
| Björgunarskip | 1 | | | | | | | |
| Fóðurprammi | | | | | 1 | | | |
| Dragnótarskip | | 1 | | | | | 2 | |
| Farþegaskip | 2 | | | | | | 1 | 1 |
| Ferja | | | | | | | 1 | |
| Flutningaskip | | | | | | 1 | | |
| Grásleppuveiðiskip | | | | | | 1 | 1 | |
| Handfæraskip | | 1 | 1 | 1 | | 2 | 4 | 1 |
| Skelfiskiskip | | | | | | 1 | | |
| Línuveiðiskip | | 1 | | 1 | | 1 | 7 | |
| Netaveiðiskip | | | | | | | 1 | |
| Skemmtibátur | | | | | | 2 | 2 | |
| Togveiðiskip | 1 | | 2 | | | | 2 | |

Mynd 9 Skipting á skráðum atvikum eftir skipategundum

Skip sökva

Eitt sjófar sökk á árinu en það var fóðurprammi fyrir fiskeldi á Reyðarfirði.

Skip stranda / taka niðri

Átta atvik voru skráð þegar skip strönduðu eða tóku niðri. Sami fjöldi var á árinu 2020 en voru tólf árið 2019.

Árekstur skipa / ásiglingar

Fjórar ásiglingar voru skráðar á árinu eins og árið áður. Tvær af þessum ásiglingum gerðust í höfn og varð slyss á einum bátsverja í öðru þeirra. Hinar tvær urðu utan hafnar sem orsökuðu bæði tjón og leka auk slyss á einum skipverja.

Eldur um borð

Þrjú atvik voru skráð þar sem um eld um borð var að ræða en voru fjögur árið 2020. Í tveimur tilvikum var um eld að ræða í vélarúmi, annað í handfærabát en hitt í togveiðiskipi. Eldur kom einnig upp í togveiðiskipi þar sem um var að ræða bilun í rafmagni í stakkageymslu.

Leki

Skráð atvik um leka um borð í skipum voru tvo á árinu og er það talsvert undir meðaltali áranna 2011-2020 sem voru fimm á ári.

Skip vélarvana

Á árinu 2021 voru 21 atvik skráð til rannsóknar vegna vélarvana skipa en voru 13 árið 2020, 18 árið 2019 og 54 árið 2018.

Þetta merkir því miður ekki að um fækkun hafi verið að ræða því atvik af þessum toga voru samtals 79 (*skip undir 15 metrum*) á árinu og voru 80 á árinu 2020. Eins og fram hefur komið í fyrri ársyfirlitum þá er eingöngu hluti þessara atvika tekin til rannsóknar samkvæmt mati RNSA en rétt er að benda á að öll þessi atvik eru engu að síður metin alvarleg.

Gátlisti fyrir minni fiskiskip

Þessi atvik hafa að stærstum hluta tengst minni fiskiskipum en eins og áður hefur komið fram gerði Samgöngustofa árið 2019 aðgengilegan á vef sínum „**GÁTLISTA FYRIR STRANDVEIÐAR**“ (*mynd 10*) Gátlistinn tekur fyrir búnað bátsins, fjarskipti, neyðar- og björgunarbúnað og önnur atriði sem mikilvægt er að skoða fyrir brottför.

RNSA hvetur sjófarendur til að tileinka sér þennan gátlista.

1

GÁTLISTI FYRIR STRANDVEIÐAR



Með góðu viðhaldi báts og búnaðar og reglulegri yfirferð á þeim atriðum sem eru á listanum hér fyrir neðan, er á auðveldan hátt hægt að auka öryggi sjófarenda og auka líkur á ánægjulegri sjóferð.

BÚNAÐUR BÁTSINS

- Athugið hvort gróður hafi myndast í tónum en það getur orsakað stíflu í olilúkerfum og slum (Gerist stundum eftir langt stopp).
- Hreinsað eldsneytisolíuakerfi, oliugeyma, lagfir og síur sérstaklega vel eftir langa legu báts.
- Athugið hvort olíumælur sýni rétt eldsneytismagn. Verið viss um að hægt sé að mæla/pæla (handvirk) magn eldsneytis ef mælir er bilaður.
- Athugið ástand rafgeyma. Ef vafi er á ástandi þeirra skuluð þið biðja skoðunarmann um að álagsprófa geymana.
- Athugið hvort lensisdalur og lagfir frá þeim séu í lagi. Hvort síur séu hreinar og að það sé gott aðgengi að þeim. (Eskilegt er að hafa færanlega handdælu til taks.)
- Hafið til vara olíu- og vatnsslur ásamt verkfærum til að skipta um þær.
- Hafið til vara reimar og verkfæri til að skipta um þær.
- Hafið varabirgðir af smurolíu.
- Gætið þess að landfestar og dráttartóg séu í góðu ásigkomulagi.
- Gætið þess að ankeri séu til taks, aðgengileg og tilbúin til notkunar.
- Verið viss um að stýri og neyðarstýri séu í lagi.
- Verið viss um að siglingaljós séu í lagi.

FJARSKIPTI

- Tryggið að öll fjarskiptatæki séu í lagi. Verið viss um að loftnet fyrir talstöð AIS og síma séu í lagi.
- Athugið að AIS tæki sendi réttar upplýsingar um auðkenni báts og nafn. Gæta þarf þess að ef nafni og auðkenni báts hefur verið breytt að það sé uppfært í AIS.

Framhald á næsta síðu

Samgöngustofa Siglingaráð

2

GÁTLISTI FYRIR STRANDVEIÐAR

Framhald af síðu 1

NEYÐAR- OG BIÖRGUNARBÚNAÐUR

- Athugið að losunarbúnaður björgunarbáta sé í góðu lagi.
- Hafið björgunarbúninga og -vesti aðgengileg.
- Hafið handslökkvitæki aðgengileg og betra er að hafa þau fleiri en færri um borð.
- Passið að neyðarútgangar séu hindrunarlausrir og greiðfærir.
- Athugið að neyðarstigi sé í lagi.
- Gætið þess að sjókrakassi sé yfirfarinn og í lagi.
- Athugið að neyðarblýs og flugeldar séu um borð. Gætið þess að þau séu ekki útrunnin og geymið þau á viðeigandi hátt.
- Athugið að neyðarsendar séu í lagi.
- Hafið vasaljós tiltaek, gerið athugun á virkni þeirra og hafið aukarathlöður.
- Hafið aukafatnað – í vatnsheldum umbúðum.
- Hafið sjónauka um borð í bátinum.

FYRIR BROTTFÖR

- Áður en lagt er af stað skal farið vandlega yfir framangreind atriði.
- Athugið að légskráning sé samkvæmt reglum, trygging sé gild fyrir áhöfn og að réttindi og öryggisþekking skipverja sé í lagi.
- Athugið veðurspá.
- Verið vel úthvíld fyrir brottför.
- Verið þess fullviss að þekking á stjórnbúnaði báts og stöðugleika sé til staðar.
- Gangið úr skugga um að næg eldsneytisolia sé um borð í bátinum.
- Tryggið að allar sjóbúnaðar séu í lagi.
- Kveikið á AIS tæki fyrir brottför.
- Tilkynnið brottför til strandstöðvar á rás VHF 09.
- Munið að stilla talstöð á VHF 16 til að uppfylla skyldu um hlustvörslu. Hægt er að nota Dual Watch (DW) til þess.
- Klæðist „fleytibúnað“ við vinnu á þilfari.
- Hafið uppfært sjókort (í plasti/plastað) af svæðinu sem veiðar eru stundaðar á.

Samgöngustofa Siglingaráð

Mynd 10 Gátlisti fyrir strandveiðar og minni fiskiskip

Tillögur í öryggisátt

Eins og fram hefur komið þá gerði nefndin eina tillögu í öryggisátt á árinu og tengist hún máli nr. 20-104 S 070. Hún varðaði eld í einangrun í vélarúmi.

Tillagan var eftirfarandi:

- RNSA gerir tillögu í öryggisátt til Samgöngustofu að gerð verði úttekt á umfangi og útbreiðslu á þessari einangrun um borð í vélarúmunum á trefjaplastbátum og í framhaldi taki afstöðu til notkunar á þessari einangrun í vélarúmi.

Sérstakar ábendingar

Nefndin gerði nokkrar sérstakar almennar ábendingar í 26 málum sem afgreidd voru með eða án nefndarálits. Ein ábending átti við í sambærilegu máli.

12 | b l s .

Ábendingarnar voru eftirfarandi:

- *Skip sekkur.* Nefndin telur afar mikilvægt m.a. vegna rannsóknarhagsmuna að í tilfellum sem þessum sé skipsflak tekið upp og vísar í því sambandi til máls nr. 07215 (Jón Hákon).
- *Stjórnandi sofna og strandar.* Nefndin bendir á mikilvægi þess að stjórnendur skipa séu vel hvíldir.
- *Vélarvana og dreginn til hafnar.* Nefndin bendir á að báturinn var ekki með gilt haffærisskírteini og án öryggisvaktar Vaktstöðvar siglinga.
- *Strand.* Nefndin telur mjög brýnt að þegar verði gerðar nauðsynlegar mælingar og gert hafnarkort fyrir þetta svæði.
- *Banaslys við köfun.* Nefndin bendir á mikilvægi þess að farið sé eftir ítrustu öryggisreglum og að fyrirtæki í köfunarferðum árétti við viðskiptavini sína að gefa raunsannar heilsufarsupplýsingar til að tryggja öryggi þeirra sjálfra og annarra. Þá er einnig mikilvægt að köfunarfyrirtæki hvetji viðskiptavini sína til að fara vel yfir upplýsingar úr köfunartölvum sínum og bera þær saman við kröfur í töflum um öruggar kafanir.
- *Slys á fólki.* Nefndin hvetur sjómenn til að taka odda af netahnífum. Nefndin bendir á að mikilvægi þess að lögskráning skipverja sé ávallt í samræmi við mönnun skipsins hverju sinni enda á hún m.a. að tryggja að lögboðin áhafnartrygging sé í gildi fyrir skipverja sem um borð eru.
- *Slys á fólki.* Nefndin bendir á skyldu til þess að öryggisnefnd sé virk og áhættumöt gerð, sbr. reglugerð nr. 200/2007.
- *Slys á fólki.* Nefndin hvetur útgerð til að hraða uppfærslu á öryggisstjórnunarkerfi skipanna, gera áhættumat og skilgreina verklag milli skipverja og hafnarverkamanna.
- *Slys á fólki, pokastroffa slitnaði.* Nefndin telur viðbrögð útgerðarinnar til fyrirmyndar þar sem miklar breytingar voru gerðar á verklagi og verklagsreglum.
- *Slys á fólki.* Nefndin bendir á fyrri ályktanir þar sem sjómenn hafa verið hvattir til að taka odda af hnífum sínum.
- *Slys á fólki.* Nefndin bendir á mikilvægi þess að skipverjar noti mikilvægan persónulegan öryggisbúnað við sambærilegar aðstæður s.s. björgunarvesti, öryggishjálma og líflínur til að auka öryggi þeirra.
- *Fallslys.* Nefndin hvetur sjómenn til að nota ávallt lokaða inniskó um borð í skipum sínum.
- *Pramma hvolfir í drætti.* Nefndin hvetur eigendur vinnupramma til að reikna út stöðugleika þeirra til að auka öryggi.
- *Slys á fólki, lélegur patentlás.* Nefndin tekur undir það að skipta eigi út lásnum á útdráttarkeðjunni reglulega.
- *Slys á fólki.* Nefndin telur að betri staðsetning stjórnstækja hefði minnkað líkur á slysi sem þessu.
- *Slys á fólki.* Nefndin telur að gerðar breytingar á verklagi hafi verið réttar og viðeigandi.
- *Árekstur, slys á fólki.* Nefndin telur mikilvægt að stjórnendur frístundabáta tileinki sér undantekningalaust örugga siglingu og kynni sér siglingareglur og fylgi þeim í hvívetna.
- *Strand.* Nefndin hefur áður í skýrslum sínum bent á mikilvægi þess að ávallt séu notuð viðurkennd sjókort eða sjókortagrunnar.
- *Ásigling og slys á fólki.* Nefndin telur það mildi að ekki fór verr og atvikið sýni vel hversu áriðandi það er að vera stöðugt á varðbergi við stjórn skipa til að tryggja öryggi þeirra og áhafnar.
- *Efnaslys.* Nefndin telur að rétt viðbrögð skipverjans að koma sér strax upp úr lestinni hafi komið í veg fyrir alvarlegra slys.
- *Slys á fólki, lögskráning.* Nefndin bendir á mikilvægi þess að lögskráning sé í lagi.

- *Sekkur í höfn, mannlaust.* Nefndin bendir á mikilvægi þess að ganga tryggilega frá skipi þegar það er yfirgefið í höfn og sjá til þess að það sé vaktað.
- *Slys við línuspil.* Hugað verði af því að útbúinn verði búnaður til að taka inn línuspilið með glussabúnaði og/eða lyftibúnaði til að koma í veg fyrir frekari slys.
- *Eldur í stakkageymslu.* Nefndin vill árétta að stakkageymsla um borð í skipum flokkast undir votrými og sá rafmagnsbúnaður sem þar er á að vera rakapéttur eins og á vinnsluþilfari.
- *Fall í stiga.* Nefndin ályktar ekki í málinu en minnir sjómenn á að hafa ávallt aðra hönd á handriði þegar gengið er um stiga um borð í skipum.



SJÁLFSTÆÐI - FAGMENNSKA - ÖRYGGI


Tilkynnt slys á sjómönnum til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) 2021

Tilkynnt slys á sjómönnum til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) á árinu 2021 voru samtals 108. Skráð slys á sjómönnum rannsökuð hjá RNSA á árinu voru 42 atvik eða um 39% þeirra sem tilkynnt voru til SÍ. Þetta er talsvert yfir ofan meðaltal frá árinu 2000 til 2020 sem er um 23%.




RNSA skoðaði öll þessi 108 slys og samkvæmt mati var ekki talið tilefni til frekari rannsóknar á nema 27 tilkynntum slysum til SÍ. Önnur slys voru skráð en gáfu ekki tilefni til frekari rannsókna.

Á súluritinu á mynd 11 er fjöldi tilkynninga til SÍ og rannsóknir hjá RNSA á árunum 2011-2021.



Mynd 11 Tilkynnt slys á sjómönnum til Sjúkratrygginga Íslands


Af 108 tilkynningum ársins 2021 til SÍ voru 33 slys á sjómönnum sem gerðust á árinu 2020 og þ.a.l. voru 75 slys sem gerðust á árinu 2021. Á súluritinu á mynd 12 er gróf samantekt á tegundum þessara slysatilkynninga til SÍ.



Mynd 12 Gróf flokkun á tegundum tilkynntra slysa til SÍ 2021

AÐILAR SEM TILKYNNNA ATVIK TIL RNSA 2011 – 2021

RNSA hefur á undanförunum árum flokkað hvaðan upplýsingar koma varðandi þau atvik sem skráð eru og tekin til umfjöllunar hjá nefndinni. Á súluritinu í mynd 13 sést hvernig þróunin hefur verið á árunum frá 2010.



Mynd 13 Upplýsingar um atvik

RNSA hefur markvisst hvatt sjómenn og útgerðaraðila að virða skyldur þeirra um tilkynningu atvika til nefndarinnar. Nefndin hefur bent á að þó atvik virðist í huga manna lítilfjörleg þá er skráning þeirra mikilvæg því tölulegar upplýsingar geta verið mjög gagnlegar í baráttunni við að auka öryggi á sjó.



Erlent starf

The European Maritime Safety Agency (EMSA)

The European Maritime Safety Agency (EMSA) er sameiginleg Siglingastofnun Evrópu og því ein stofnana Evrópusambandsins (ESB). EMSA veitir tæknilega aðstoð og stuðning við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og aðildarríkja þess við þróun og framkvæmd ESB löggjafar um öryggi til sjós, mengun skipa og siglingavernd.



PCF11 fundur EMSA

Á þessu ári var árlegur fundur hjá EMSA, PCF11 (Permanent Cooperation Framework) haldinn með fjarfundarbúnaði vegna Covid-19 dagana 22. – 23. september. PCF fundirnir hafa áður verið haldnir í júní hvert ár í höfuðstöðvum EMSA í Lissabon. *Markmiðið með PCF er að bjóða upp á rekstrarvettvang sem gerir rannsóknaraðilum aðildarríkjana kleift að vinna saman eins og vísað er til í 10. gr. tilskipunar 2009/18/EB.* RNSA hafði ekki tók á að vera á þessum fjarfundi.

MAIIF – Alþjóðasamtök

MAIIF eru alþjóðleg samtök sem voru stofnuð í Kanada 1992 og er megin tilgangur þeirra að skapa vettvang til að efla rannsóknir sjóslysa og koma á tengslum og efla samstarf milli rannsóknaraðila. Aðildarríki samtakanna eru 55 og ljóst að stofnun þeirra hefur sannað gildi sitt í samvinnu ríkja við rannsóknir sjóslysa. Vefslóð MAIIF er: www.maiif.org



Á þessu ári var haldinn fundur hjá samtökunum **MAIIF 29** (*Marine Accident Investigators International Forum*) með fjarfundarbúnaði 16. – 18. nóvember 2021. *Á fundum hjá MAIIF er m.a. farið yfir og kynnt starf hvers aðildarríkis á liðnu ári auk þess sem tekin eru fyrir ýmis málefni sem varða rannsóknir á sjóslysum.* RNSA hafði ekki tók á að vera á þessum fjarfundi.

EMAIF - Evrópusamtök

EMAIF er Evrópudeild rannsóknaraðila á sjóslysum innan MAIIF og voru stofnuð í Helsinki 2005.

Ekki var haldinn fundur hjá EMAIF á árinu 2021 vegna Covid-19.

The European Marine Casualty Information Platform (EMCIP)

The European Marine Casualty Information Platform (EMCIP) er sameiginlegur gagnagrunnur Evrópuríkja um atvik á sjó og er rekinn af EMSA. Markmiðið með EMCIP er að skila ávinningi bæði á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi með því að:

- Auka öryggisrannsóknir.
- Breikka og dýpka greiningu á niðurstöðum rannsókna á slysum.
- Veita upplýsingar til almennrar áhættugreiningar og koma í veg fyrir slys.

Skráning Íslands í EMCIP

Samgöngustofa hefur skráð íslensk sjóatvik rannsökuð hjá RNSA í EMCIP frá því í september 2018.

Hægt er að skoða og fræðast meira um EMCIP á slóðinni: <http://www.emsa.europa.eu/emcip.html>

SKRÁÐ ATVIK HJÁ RNSA ÁRIÐ 2021

Eins og áður hefur komið fram voru skráð atvik hjá sjósviði RNSA 83 árið 2021 en þar af gerðust sex þeirra á árinu 2020.

Eftirfarandi tafla sýnir öll skráð atvik á árinu 2021 hjá RNSA – sjósviði. Atvikum er raðað eftir dagsetningu þeirra.

| Dags. | Skip | Atvik | BT | Tegund skips |
|-----------|------------------------------|---------------------------------|-------|--------------------|
| 7.maí.20 | Grímur AK 1 | Slys á fólki | 8,28 | Handfærabátur |
| 1.nóv.20 | Sóley Sigurjóns GK 200 | Slys á fólki | 737 | Ferskfisktogari |
| 1.nóv.20 | Sighvatur GK 57 | Slys á fólki | 718 | Línuveiðiskip |
| 1.nóv.20 | Sighvatur GK 57 | Slys á fólki | 718 | Línuveiðiskip |
| 28.nóv.20 | Örfirisey RE 4 | Slys á fólki | 1845 | Frystitogari |
| 20.des.20 | Sólberg ÓF 1 | Slys á fólki | 3719 | Frystitogari |
| 9.jan.21 | Lilja LH 3654 | Slys á fólki | 0 | Vinnuskip |
| 9.jan.21 | Valdimar GK 195 | Slys á fólki | 569 | Línuveiðiskip |
| 10.jan.21 | Muninn | Sekkur | 0 | Brunnbátur |
| 24.jan.21 | Dala-Rafn VE 508 | Ásigling - Slys á fólki | 486 | Ferskfisktogari |
| 2.feb.21 | Skinney SF 20 | Slys á fólki | 637 | Ferskfisktogari |
| 2.feb.21 | Helga María RE 1 | Slys á fólki | 1470 | Frystitogari |
| 5.feb.21 | Drangavík VE 80 | Slys á fólki | 356 | Togveiðiskip |
| 10.feb.21 | Daðey GK 777 | Slys á fólki | 19,57 | Línuveiðiskip |
| 13.feb.21 | Rífsnes SH 44 | Slys á fólki | 776 | Línuveiðiskip |
| 19.feb.21 | Kristrún RE 177 | Slys á fólki | 765 | Netaveiðiskip |
| 27.feb.21 | Tómas Þorvaldsson GK 10 | Slys á fólki | 2287 | Frystitogari |
| 1.mar.21 | Ljósafell SU 70 | Slys á fólki | 844 | Ferskfisktogari |
| 6.mar.21 | Helga María RE 1 | Slys á fólki | 1470 | Frystitogari |
| 7.mar.21 | Bergur VE 44 | Slys á fólki | 569 | Ferskfisktogari |
| 11.mar.21 | Baldur | Vélarvana og dreginn til hafnar | 1677 | Ferja |
| 13.mar.21 | Pálína Þórunn GK 49 | Slys á fólki | 327 | Togveiðiskip |
| 14.mar.21 | Steinunn BA 517 | Bilun og dreginn til hafnar | 14,96 | Línuveiðiskip |
| 15.mar.21 | Patrekur BA 64 | Slys á fólki | 195 | Línuveiðiskip |
| 16.mar.21 | Bjarmí ÍS | Ásigling - leki | 11,52 | Farþegaskip |
| 20.mar.21 | Gísli Súrsson GK 8 | Slys á fólki | 29,84 | Línuveiðiskip |
| 21.mar.21 | Ásdís ÍS 2 | Efnaslys | 159 | Dragnótaskip |
| 23.mar.21 | Doddi SH 223 | Leki í vélarúmi | 5,94 | Handfærabátur |
| 23.mar.21 | Hringur SH 153 | Slys á fólki | 481 | Togveiðiskip |
| 6.apr.21 | Elli SF 71 | Vélarvana og dreginn til hafnar | 7,18 | Handfærabátur |
| 13.apr.21 | Alli GK 37 | Strandar | 14,8 | Grásleppuveiðiskip |
| 13.apr.21 | Guðrún Þorkeldsdóttir SU 211 | Slys á fólki | 1773 | Togveiðiskip |
| 15.apr.21 | Kristín ÓF 49 | Vélarvana og dregin til hafnar | 9,35 | Grásleppuveiðiskip |
| 16.apr.21 | Bergur VE 44 | Slys á fólki | 569 | Togveiðiskip |
| 22.apr.21 | Ísey EA 40 | Slys á fólki | 160 | Dragnótaskip |

| Dags. | Skip | Atvik | BT | Tegund skips |
|-----------|----------------------------------|---------------------------------|-------|-----------------|
| 25.apr.21 | Þórsnes SH 109 | Vélarvana og dregið til hafnar | 880 | Netaveiðiskip |
| 26.apr.21 | Ottó N Þorláksson VE 5 | Slys á fólki | 878 | Ferskfisktogari |
| 6.maí.21 | Óli á Stað GK 99 | Vélarvana og dreginn til hafnar | 29,95 | Línuveiðiskip |
| 8.maí.21 | Alexander | Vélarvana og dreginn til hafnar | 6,69 | Skemmtibátur |
| 10.maí.21 | Björgúlfur EA 312 | Slys á fólki | 2081 | Togveiðiskip |
| 12.maí.21 | Sólberg ÓF 1 | Slys á fólki | 3719 | Frystitogari |
| 15.maí.21 | Bergur VE 44 | Slys á fólki | 569 | Togveiðiskip |
| 18.maí.21 | Málmey SK 1 | Eldur um borð | 1470 | Togveiðiskip |
| 19.maí.21 | Græðir BA 29 | Vélarvana og dreginn til hafnar | 11,57 | Handfærabátur |
| 21.maí.21 | Rebbi | Ásigling - Slys á fólki | 0 | Björgunarskip |
| 3.jún.21 | Gísli EA 221 | Eldur í vélarúmi | 11,25 | Handfærabátur |
| 8.jún.21 | Guðmundur í Nesi RE 13 | Slys á fólki | 2464 | Frystitogari |
| 21.jún.21 | Bárður SH 81 | Vélarvana og dreginn til hafnar | 153 | Dragnótaskip |
| 4.júl.21 | Helgafell | Strandar | 8830 | Flutningaskip |
| 5.júl.21 | Benni ST 5 | Slys á fólki | 14,85 | Línuveiðiskip |
| 6.júl.21 | Víðir ÞH 210 | Strandar | 5,59 | Handfærabátur |
| 10.júl.21 | Hesteyri ÍS 95 | Vélarvana og dregin til hafnar | 11,34 | Farþegaskip |
| 12.júl.21 | Patrekur BA 64 | Vélarvana og dreginn til hafnar | 195 | Línuveiðiskip |
| 12.júl.21 | Drangavík VE 80 | Vélarvana og dregin til hafnar | 356 | Togveiðiskip |
| 17.júl.21 | Bobby 2 | Strandar | 4,68 | Skemmtibátur |
| 24.júl.21 | Garri BA 90/Helga María RE 1 | Annað atvik | 7,89 | Handfærabátur |
| 24.júl.21 | Ísleifur VE 63 | Slys á fólki | 2000 | Nótaveiðiskip |
| 29.júl.21 | Guðrún Kristjáns ÍS/Bliki ÍS 414 | Annað atvik | 24,57 | Farþegaskip |
| 4.ágú.21 | Elli SF 71 | Vélarvana og dreginn til hafnar | 7,18 | Handfærabátur |
| 11.ágú.21 | Dóri GK 42 | Slys á fólki | 20,95 | Línuveiðiskip |
| 16.ágú.21 | Eva BA 97 | Strandar | 8,06 | Handfærabátur |
| 16.ágú.21 | Karen ÍS 75 | Vélarvana og dregin til hafnar | 5,85 | Handfærabátur |
| 22.ágú.21 | Daðey GK 777 | Vélarvana og dregin til hafnar | 19,57 | Línuveiðiskip |
| 28.ágú.21 | Guðmundur í Nesi RE 13 | Slys á fólki | 2464 | Frystitogari |
| 2.sep.21 | Silfurborg SU 22 | Slys á fólki | 43,46 | Dragnótaskip |
| 6.sep.21 | Amma Sigga | Slys á fólki | 16,24 | Farþegaskip |
| 13.sep.21 | Sævar EA | Slys á fólki | 149 | Ferja |
| 18.sep.21 | Mars BA 74 | Bilun og dreginn til hafnar | 10,18 | Handfærabátur |
| 18.sep.21 | Emil Árni HU 242 | Vélarvana og dreginn til hafnar | 3,14 | Skemmtibátur |
| 19.sep.21 | Óskráður gúmbátur | Tók niðri - dreginn til hafnar | 0 | Skemmtibátur |
| 20.sep.21 | Blængur NK 125 | Slys á fólki | 1723 | Frystitogari |
| 27.sep.21 | Aldan ÍS 47 | Vélarvana og dregin til hafnar | 59 | Dragnótaskip |
| 17.okt.21 | Örfirisey RE 4 | Vélarvana og dregin til hafnar | 1845 | Frystitogari |
| 21.okt.21 | Guðmundur í Nesi RE 13 | Slys á fólki | 2464 | Frystitogari |
| 27.okt.21 | Vestmannaey VE 54 | Eldur í vélarúmi | 611 | Togveiðiskip |
| 11.nóv.21 | Særif SH 25 | Vélarvana og dregið til hafnar | 29,77 | Línuveiðiskip |
| 16.nóv.21 | Gullhólmi SH 201 | Vélarvana og dreginn til hafnar | 29,91 | Línuveiðiskip |
| 21.nóv.21 | Bára SH 27 | Strandar | 43,59 | Skelfiskskip |
| 27.nóv.21 | Fönix BA 123 | Leki um borð | 14,84 | Línuveiðiskip |

| Dags. | Skip | Atvik | BT | Tegund skips |
|-----------|------------------------|---------------------------------|-------|---------------|
| 3.des.21 | Sæli BA 333 | Vélarvana og dreginn til hafnar | 14,9 | Línuveiðiskip |
| 16.des.21 | Masilik | Strandar - leki | 1425 | Línuveiðiskip |
| 21.des.21 | Elding II | Ásigling | 29,65 | Farpegaskip |
| 27.des.21 | Jón Ásbjörnsson RE 777 | Vélarvana og dreginn til hafnar | 18,47 | Línuveiðiskip |



Hús FBSR Flugvallarvegi 7 - 101 Reykjavík
 Sími: 511 6500 - Fax: 511-6501 - netfang: RNSA@RNSA.is